

Aukin framleiðsla í eldisstöð að Bakka, Sveitarféluginu Ölfusi

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 31. mars 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Löxum fiskeldi ehf. þar sem tilkynnt er um 100 tonna framleiðsluaukningu á laxaseiðum í lotuskiptu eldi á Bakka í Sveitarféluginu Ölfusi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfus, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning um framkvæmd. 100 tonna lífmassi laxaseiða í lotuskiptu eldi á Bakka í Ölfusi. Fyrirspurn um matsskyldu. Laxar fiskeldi ehf. mars 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarféluginu Ölfusi dags. 26. apríl 2021.
- Fiskistofu dags. 26. apríl 2021.
- Hafrannsóknastofnun dags. 14. apríl 2021.
- Matvælastofnun dags. 21. apríl 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 21. apríl 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 21. apríl 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 5. maí 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga

Fiskeldisstöð Laxa fiskeldis ehf. að Bakka hefur hlotið málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum en þann 20. febrúar 2019 birti Skipulagsstofnun ákvörðun um hvort framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum vegna 80 tonna framleiðsluauknningar á laxaseiðum. Á grundvelli fyrilliggjandi gagna var niðurstaða Skipulagsstofnunar sú að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Framkvæmd

Um er að ræða breytingu á eldisfyrirkomulagi Laxa fiskeldi ehf. á Bakka í Sveitarféluginu Ölfusi, þar sem áformuð er framleiða á allt að 200 tonnum af laxaseiðum á ári og að hámarks lífmassi á stöðinni verði óbreyttur eða að hámarki 100 tonn hverju sinni.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að á Bakka standi nú eldisstöð sem notuð er til seiðaframleiðslu og hafi verið reist árið 1986. Hún samanstendur af fiskeldishúsi og blöndunarskúr, samtals 486 m². Árið 2016 var farið í endurbætur, m.a. með endurnýjun á kerum. Á útisvæði eru



fjögur 450 m³ ker og í eldisskála er eldisrými um 250 m³. Heildar eldisrými stöðvarinnar er nú 2050 m³.

Heildarvatnsþörf er 167 l/s af ferskvatni ásamt 3 l/s af 110°C heitu vatni. Miðað er við að endurnýta og súrefnisbæta eldisvatn til að draga úr vatnsnotkun.

Hrogn verða keypt af Stofnfiski hf., sem er kynbættur eldislax af norskum uppruna. Hrognin eru sjúkdómafrí og vottuð af dýralækni. Hroignum verður klakið út í eldisstöðinni á Bakka og seiði alin í allt að 80 gramma þyngd. Áætlaður eldistími er um 12-14 mánuðir áður en seiðin eru flutt í eldisstöð Laxa fiskeldis við Laxabraut í Þorlákshöfn. Hrognahópar eru teknir inn í stöðina 4-6 sinnum á ári í lotuskiptu eldi, auk þess sem seiði eru einnig flutt á milli Bakka og Fiskalóns á meðan á eldinu stendur. Lífmassi í stöðinni á Bakka verður að hámarki 100 tonn að hverju sinni.

Rauntölur í fóðurgjöf eldis sýna nú að fóðurstuðull er á bilinu 0,9-1,0, í stað 1,3 eins og áætlað var í málsmæðferð vegna 80 tonna framleiðsluaukningar á Bakka. Við framleiðslu á 200 tonnum af laxaseiðum er gert ráð fyrir 0,8 tonnum af dauðfisk. Dauður fiskur verður urðaður á löggiltum urðunarstað í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Frárennsli frá stöðinni er beint í gegnum tromlusíu sem síar agnir úr eldisvatninu, áður en því er veitt í framræsluskurð sem rennur í Ölfusá. Áætlað er að síurnar taki um 90% af uppleystum ögnum úr frárennsli. Seyru úr tromlusíunni verði fargað á viðurkenndum förgunarstað og klóaki veitt í rotþró í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Fylgst verður með eldisvatni, umhverfi og viðtaka stöðvarinnar í samræmi við kröfur um mælingar í starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar. Til viðbótar við umhverfisvöktun verður fylgst með fóðrun, fóðurstýringu, súrefnisnotkun, vatnsnotkun og losun á frárennsli, dælingu, síun og loftun í gegnum tölvukerfi stöðvarinnar.

Umfang núverandi framleiðslu

Umhverfisstofnun bendir á að skv. upplýsingum frá eftirlitsteymi stofnunarinnar hefur framleiðsla á starfsstöðinni verið yfir mörkum bæði eldra og nágildandi starfsleyfis árin 2018 (145 tonn), 2019 (139 tonn) og 2020 (111 tonn) og er rekstraraðili í fráviki frá starfsleyfisskilyrðum vegna þessa. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að sú framleiðsluaukning sem rekstraraðili tilkynnir hefur í raun þegar verið framkvæmd.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Laxa fiskeldis ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á viðtaka

Fram kemur í greinargerð Laxa fiskeldis að frárennslið frá seiðaeldisstöðinni á Bakka rennur í stóra myri sem er sundur grafin skurðum. Afrennsli úr myrinni rennur síðan í Þorleifslæk og Ölfusá. Frárennsli stöðvarinnar er beint í gegnum tromlusíu sem hreinsar eldisvatnið af uppleystum ögnum og seyra er þannig skilin frá. Með þessum hætti er dregið úr magni uppleystra efna, en fylgst verður með ástandi viðtaka með mælingum í samræmi við starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar. Við fyrirhugaða 200 tonna framleiðslu þarf að auka fóðurgjöf um 70 tonn á ári, frá því sem nú er. Vegna breytilegs magns fosfórs milli fóðurgerða sem notaðar verða á stöðinni gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir 0,9-1,6% sem hlutfall fosfórs í fóðri. Viðbúið að 5 tonn af köfnunarefni og 0,6-1,1 tonn af fosfór nýtist í uppbyggingu eldisins en 9 tonn af köfnunarefni og 1,2-2,1 tonn af fosfór berast í eldisvatn á föstu formi og uppleystu á ári.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að miðað við uppgefið magn næringarefna sem losað verður í eldisvatn reiknast meðalstyrkur köfnunarefnis um 1,7 mg/l og meðalstyrkur fosfór getur



verið á bilinu 0,23 - 0,4 mg/l. Það er innan þess sem styrks sem fráveitum (10-100 þúsund pe.) er heimilt að losa í viðtaka miðað við I viðauka reglugerðar um fráveitur og skólp. Það er hins vegar 13 sinnum hærri styrkur köfnunarefnis en í viðtakanum. Ekki eru til mæling á styrk fosfórs á föstu formi í Ölfusá en styrkur uppleysts fosfórs (lífræns og ólífræns) í Ölfusá er 0,01 mg/l¹. Áætluð losun næringarefna með eldisvatni frá Bakka (1,2–2,1 tonn fosfórs á ári en 9 tonn köfnunarefnis á ári) er innan marka fyrir köfnunarefni en um og yfir mörkum fyrir fosfór, ef miðað er við leyfilega losun pr. tonn lífmassa í fyrirliggjandi starfsleyfi. Hafrannsóknastofnun bendir á að mikilvægt er að vakta áhrif af losun eldisvatns í viðtakanum (Þorleifslæk/Ölfusá) þar sem losunin má ekki valda því að ástand viðtakans hnigni hvað varðar vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand sem skilgreint er í lögum um stjórn vatnamála. Að því gefnu að reksturinn verði í samræmi við framlagðar upplýsingar um mótvægisaðgerðir, telur Hafrannsóknastofnun að framkvæmdin muni ekki hafa afgerandi neikvæð og óafturkræf áhrif á umhverfið. Þó er lögð áhersla á að allrar varúðar sé gætt þannig að fiskur sleppi ekki, t.d. við hreinsun á síum og að fylgst sé með að losunin hafi ekki neikvæð áhrif á viðtakann þannig að ástandi hans hraki.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin telur að gera þurfi betur grein fyrir því hvaða gögn eða rannsóknir liggja á bak við afrennslí eldisstöðvanna um skurðakerfi mýrarinnar og upptöku næringarefna. Kanna þarf áhrif afrennslis eldisstöðvanna á lífríki svæðisins eftir því sem það rennur um skurðakerfi mýrarinnar og út í ósa Ölfusár sem eru á náttúrumunjaskrá. Þá þarf einnig að koma fram hvort lyfja- og efnanotkun vegna sjúkdómavarna í eldisstöðvunum geti mögulega skilað sér út með afrennslí og hvort þau geti haft umhverfisáhrif. Náttúrufræðistofnun bendir á að vatnshreinsun fari víða fram í stórborgum erlendis og því er það til umhugsunar hvort eldisstöðvar eins og Fiskalón og Bakki, sem hafa nú þegar sett upp öfluga hreinsibúnaði á frárennslí, geti tekið skrefið lengra og komið upp vatnshreinsun með einskonar hringrásarkerfi þannig að vatn eldisstöðvarinnar verði endurnýtanlegt, afrennslí lítið sem ekkert og þannig lágmarkað umhverfisáhrif.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji æskilegt, þar sem stöðin er í rekstri, að rauntölur byggðar á mælingum séu notaðar til viðbótar við útreikninga til að áætla losun frá eldinu í viðtaka. Umhverfisstofnun mun í starfsleyfi gera kröfu um fullnægjandi hreinsun frárennslis og verða losunarmörk miðuð við árlega lífmassaaukningu í stöðinni. Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála og bendir á að skurðakerfið sem frárennslí stöðvarinnar er losað í tengjast straumvatnshlotunum 103-966-R Þurá og 103-792-R Varmá. Samkvæmt reglugerð um flokkun vatnshlotu, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef ástand vatnshlotu samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun telur að með fullnægjandi hreinsun frárennslis sé sú framleiðsluaukning sem hefur verið framkvæmd og er fyrirhuguð ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frekari svörum frá framkvæmdaraðila kemur fram að vatnsgæði í innrennslí eru mikil, lítið er af svifögnum og gildi bæði fosfórs og köfnunarefnis eru lág. Áður en vatnið er hreinsað með tromlusíu eru 6 mg/L af svifögnum og gildi fosfórs hefur hækkað í 0,2 mg/L og gildi köfnunarefnis í 1,5 mg/L. Eftir því sem fjær dregur tromlu lækka gildin og þegar vatn hefur runnið 500 metra frá tromlunni hefur heildarmagn köfnunarefnis lækkað um rúmlega helming, gildi fosfórs hefur einnig lækkað um helming og greindum svifögnum hefur fækkað verulega. Fylgst verður með magni næringarefna í frárennslí og í skurðakerfi allt að 500 metrum frá stöðinni og þannig fylgst með mögulegum áhrifum eldisins á nærumburhverfi. Fram kemur að efnanotkun í stöðinni er lítil, en ker á stöðinni eru hreinsuð með reglugum hætti með viðeigandi hreinsiefnum, auk þess sem seiði eru formalínboðuð

¹ Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2019. *Efnasamsetning, rennslí og aurburður straumvatna á Suðurlandi XXII.* RH-03-2019. 63 bls.



nokkrum sinnum yfir eldistímann. Við hverja böðun eru hlutföll formalíns á móti eldisvatni 1/4000. Efnanotkun stöðvarinnar er gerð skil í grænu bókhaldi og ekki talið líklegt að umhverfisáhrifa gæti vegna þeirra efna sem notuð eru við eldið.

Samlegðaráhrif með öðru fiskeldi

Fram kemur í greinargerð Laxa fiskeldis að í nágrenni við eldisstöðina á Bakka eru þrjár aðrar seiðastöðvar. Stöðvarnar eru Fiskalón, seiðastöð Samherja í Öxnalæk og eldisstöðin að Núpum III sem einnig er í eigu Samherja. Hver þessara stöðva stendur á afmarkaðri lóð þar sem starfsemi er staðbundin. Stöðvarnar eru óháðar hvorri annarri og frárennsli stöðvanna eru aðskilin án þess að samlegðar gæti.

Stöðin við Öxnalæk er í um 6 km fjarlægð frá Bakka og þar er heimilt að ala 100 tonn af laxa- og bleikjuseiðum. Á Núpum er heimild til framleiðslu á 100 tonnum af laxaseiðum og 50 tonnum af bleikjuseiðum, en stöðin er í um 4 km fjarlægð frá Bakka. Fiskalón er í eins kílómetra fjarlægð frá Bakka og þar er heimild til 100 tonna framleiðslu af laxaseiðum. Jafnhliða þessari tilkynningu um framkvæmd hefur verið tilkynnt um sambærilega framkvæmd á Fiskalón, þ.e. 100 tonna lífmassa í lotuskiptu eldi.

Fram kemur að erfitt sé að áætla með vissu hvaða leið eldisvatn frá Núpum rennur til sjávar, en svo virðist sem vatnið leiti niður skurð frá stöðinni og tvístrist þaðan, bæði um mýrina sjálfa og skurði hennar. Hluti vatnsins virðist sameinast Varmá/Þorleifslæk án þess að sameinast eldisvatni frá Bakka á leið sinni. Í eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar kemur fram að eldisvatn frá Öxnalæk renni beint um Varmá. Frárennslisvatn frá Öxnalæk fer því ekki sömu leið til sjávar og frárennsli Bakka og þar af leiðandi ekki hætt við samlegðaráhrifum milli stöðvanna.

Frárennsli Fiskalóns rennur um 1,5 km langan skurð og að næstu skurðarmótum og sameinast frárennslisvatni frá Bakka eftir að hafa runnið alls 2,3 km leið um skurðina, en frárennslið frá Bakka mun þá hafa runnið 0,7 km. Með síun eldisvatns frá Bakka og Fiskalóni er dregið verulega úr næringarefnum í eldisvatni en gera má ráð fyrir að uppleyst næringarefni í eldisvatni setjist að í mýrinni. Eldisvatn bæði Fiskalóns og Bakka verður hreinsað eins vel og kostur er og upptaka í mýrlendinu er að sama skapi mikil. Samlegðaráhrif eldisstöðva á svæðinu eru þar af leiðandi hverfandi.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að framkvæmdaraðili fullyrði að möguleg sammögnumunaráhrif af eldisstöðvunum á svæðinu séu hverfandi vegna getu mýra til þess að taka upp næringarefni. Stofnunin bendir á að þó svo að lífræn virkni í mýrum sé mikil er hún mjög árstíðabundin og lítið er tekið upp af næringarefnum frá hausti fram á vor. Því er ekki rökrétt að álykta að lífræn virkni í mýrinni geti tekið upp allt það magn næringarefna sem berast frá eldisstöðvunum á svæðinu. Það á síst við um köfnunarefni sem er mjög leysanlegt í vatni. Annað mætti segja um fosför sem er óleysanlegt og fellur út á yfirborð og safnast því gjarnan upp í mýrum. Það er mat Hafrannsóknastofnunar að líklegt sé að styrkur næringarefna (a.m.k. styrkur köfnunarefnis) í skurðunum aukist jafnt og þétt eftir því sem neðar dregur á afrennslissvæðið þar sem sífellt bætist meira af eldisvatni í skurðina. Vatnið frá mýrunum rennur svo til Þorleifslækjar/Ölfusár.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að áhrifasvæði eldisstöðvanna í Ölfusi er votlendissvæðið Ölfusforir sem er á náttúruminjaskrá. Svæðið sé eitt stærsta og frjósamasta votlendissvæði landsins sem stafi ógn af mengun frá svæðum ofar við ána, skv. Náttúrufræðistofnun Íslands. Á lista yfir aðgerðir til verndar svæðisins er hreinsun skólps frá byggð ofar í vatnakerfinu. Umhverfisstofnun bendir á að samanlöögð leyfileg ársframleiðsla á Bakka, Fiskalón, Núpum og Öxnalæk var 260 tonn árið 2018 en með fyrirhugaðri framleiðsluaukningu á starfsstöðvum rekstraraðila verður hún um 800 tonn. Að mati Umhverfisstofnunar er þetta talsverð aukning á lífrænu álagi á votlendissvæðið og ekki hægt að útiloka að aukningin hafi áhrif á vistkerfi



þess. Umhverfisstofnun bendir á að heildarlosun á svæðinu hefur aukist töluvert á síðustu árum og telur óvissu gæta um samlegðaráhrif þeirrar losunar á lífríki votlendis Ölfusfora, en tekur fram að stofnunin getur gert kröfu í starfsleyfi um vöktun á ástandi þess.

Áhrif á villta laxfiska

Í greinargerð Laxa fiskeldis kemur fram að rista séu á yfirfalli á öllum eldiskerum til varnar sleppingum auk þess sem frárennsli frá stöðinni verði beint í gegnum rist og tromlusí sem eykur enn frekar á sleppivarnir stöðvarinnar. Stærð rista í frárennsli og kera miða við stærð fiska í stöðinni að hverju sinni. Viðbragðsáætlun við slysasleppingum er nú þegar í gildi í stöðinni og verður hún uppfærð eftir þörfum. Sjúkdómavarnir verða einnig viðhafðar í samræmi við gildandi lög og reglugerði og telur framkvæmdaraðili að áhrif á villta fiskistofna verði óveruleg.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að ef fiskar sleppa úr eldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Verði verktílhögun og sleppivarnir með þeim hætti sem framkvæmdaraðili hefur boðað, telur Fiskistofa að litlar líkur séu á því að fiskar muni sleppa frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska. Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hætta á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni. Fiskistofa telur mat framkvæmdaraðila vera rétt, að áhrif á villta fiskistofa verði óverulegt og því ekki nauðsynlegt að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum, m.t.t. hugsanlegra áhrifa framleiðsluaukningar á villta fiskistofa.

Verndarsvæði

Fram kemur í greinargerð Laxa fiskeldis að eldisstöðin á Bakka standi á lóð á skilgreindu iðnaðarsvæði utan verndarsvæða. Engar friðlýstar náttúruminjar eru á lóðinni eða í næsta nágreni hennar auk þess sem friðaðar og friðlýstar plöntu- og dýrategundir eru ekki skráðar á svæðinu. Svæðið er í nágrenni við svæði nr. 751 á náttúruminjaskrá, Varmá og Ölfusforir. Ölfusforir eru taldar vera fuglríkasta svæðið í Ölfusi auk þess að vera eitt af mikilvægari votlendissvæðum Suðurlands. Þar eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Hér er hins vegar um að ræða staðbundinn rekstur á afmörkuðu iðnaðarsvæði og áhrifa rekstursins mun ekki gæta utan lóðar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands kemur fram að mikilvæg fuglasvæði eru á Suðurlandsundirlendinu. Varmá og Ölfusforir eru á náttúruminjaskrá þar sem eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi. Þá hefur Náttúrufræðistofnun sett fram tillögur um svæðið Ölfusforir-Ölfusárós á B-hluta náttúruminjaskrár þar sem forsendur fyrir vali eru: „*Eitt stærsta og frjósamasta votlendissvæði landsins með mjög gróskumiklum myrum og flæðiengjum. Forgangslandvistgerðir er gulstararflóavist.*“

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022. Skipulagsstofnun ítrekar það sem fram kom í ákvörðun stofnunarinnar dags. 20. febrúar 2019 vegna 80 tonna framleiðsluaukningar í stöðinni, að umfang framkvæmdarinnar eins og henni er lýst, úr 100 í 200 tonna árlega framleiðslu sé þess eðlis að ráðast þurfi í gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig er framkvæmdin háð rekstrarleyfi frá Matvælastofnun í samræmi við lög um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi. Flutningur á úrgangi er háður starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.



6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á eldisfyrirkomulagi Laxa fiskeldis ehf. á Bakka í Sveitarfélagit Ölfusi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 1.11 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða alþjóðlegra viðmiða og álagsþols náttúrunnar, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur ákvörðun, dags. 20. febrúar 2019, um að 80 tonna framleiðsluaukningu á Bakka skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Um er að ræða breytingu á áðurnefndri framkvæmd sem felst í því að auka leyfilega ársframleiðslu úr 100 tonnum í 200 tonnum af laxaseiðum á ári en að hámarks lífmassi á stöðinni verði óbreyttur eða að hámarki 100 tonn hverju sinni.

Um er að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og gera má ráð fyrir því að magn uppleystra næringarefna í frárennsli muni aukast við framleiðsluaukninguna. Frárennsli frá stöðinni mun renna um skurðakerfi á vatnasviði Þorleifslækjar og gera má ráð fyrir að frárennsli muni að einhverju leyti dreifast um fleiri skurði áður en það endar í Þorleifslæk. Vatnsrennsli í skurðum hverju sinni muni hafa áhrif á leið frárennslis í viðtaka en gera má ráð fyrir að frárennslið muni að mestu fara um stærsta og vatnsmesta skurðinn sem rennur í Þorleifslæk þar sem hann mætir Ölfusá. Því er líklegt að áhrif frárennslis frá Bakka á Þorleifslæk verði takmörkuð og að mikil þynning taki við í Ölfusá.

Óvissa er um samlegðaráhrif heildarlosunar í viðtakann Varmá/Þorleifslæk vegna frárennslis með annarri starfsemi á svæðinu. Fiskeldisstöðin við Öxnalæk losar frárennsli beint í Varmá í talsverðri fjarlægð frá þeim stöðum þar sem frárennsli frá Bakka rennur í Varmá/Þorleifslæk en gera má ráð fyrir þynningu á milli þeirra losunarstaða. Frárennsli frá fiskeldi á Núpum og Fiskilóni er beint í skurðakerfi Ölfusfora og þaðan í viðtakann Varmá/Þorleifslæk. Líklegt er að frárennsli frá Fiskilóni renni um sömu skurði og frárennsli frá Bakka. Þó svo frárennsli frá Bakka sé líklegt til að renna að mestu í neðsta hluta Þorleifslækjar þar sem hann mætir Ölfusá er ekki hægt að útiloka að einhver hluti þess rati í skurði sem liggja að Þorleifslæk ofar.

Í stöðinni verður alinn kynbættur eldislax af norskum uppruna. Sleppi fiskur úr stöðinni er möguleiki á erfðablöndun við villta laxastofna. Fram kemur að ristar verði í yfirfalli á öllum kerum ásamt því að frárennsli fari í gegnum rist og tromlusíu. Verði verktihögur og sleppivarnir með þeim hætti sem framkvæmdaraðili hefur boðað, telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fiskur sleppi frá stöðinni.

Frárennsli frá stöðinni rennur um skurðakerfi Ölfusfora og í viðtakann Varmá/Þorleifslæk sem eru innan svæðis á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins felst aðallega í fjölskrúðugu fuglalífi í Ölfusforum. Skipulagsstofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnun að mikilvægt sé að vakta áhrif af losun eldisvatns í viðtakanum (Þorleifslæk/Ölfusá) þar sem losunin megi ekki valda því ástand viðtakans hnigni hvað varðar vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand. Að mati Skipulagsstofnunar þarf ástand viðtakans að ákvarða umfang starfseminnar m.t.t. magn losunar og telur stofnunin brýnt að í starfsleyfi verði skýrt kveðið á um fyrirkomulag vöktunar.

Með vísan til umsagnar Umhverfisstofnunar hefur framleiðsla í eldisstöðinni verið verulega umfram heimildir árin 2018, 2019 og 2020. Skipulagsstofnun telur ámælisvert að fyrirtækið hafi hagað rekstri sínum með þeim hætti í svo langan tíma.



Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til þess svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum, stærðar og fjölbreytileika áhrifa, tímalengdar áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á lífríki votlendis Ölfusfora, sér í lagi með tilliti til samlegðaráhrifa með annarri starfsemi sem losar frárennslí í ána. Óvissa er um áhrif fyrirhugaðrar heildarlosunar á svæðinu en Skipulagsstofnun telur að með virkri vöktun árinnar og mögulegum mótvægisáðgerðum, sem geta falist í endurskoðun starfsleyfa, séu litlar líkur á að gengið verði of nærrí álagsþoli náttúrunnar. Stofnunin telur að áður en starfsleyfi verði veitt þurfi niðurstöður úr vöktun vegna núverandi starfsleyfis að liggja fyrir. Jafnframt tekur Skipulagsstofnun undir áhyggjur Umhverfisstofnun um þá óvissu sem gætir varðandi áhrif heildar losunar á lífríki votlendis Ölfusfora. Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að önnur áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 26. júlí 2021.

Reykjavík, 18. júní 2021.

Egill Þórarinsson

Jón Smári Jónsson